

Mánudaginn 22. desembermán.

Nr. 39/1883

Rjettvísinn

gegn

Þorsteini Guðmundsen.

## Dómur:

Með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 4. okt þ. á., er hinn ákærði Þorsteinn Guðmundsen, kaupmaður á Skipaskaga á Akranesi, dæmdur fyrir brot á móti valdsstjórninni og allsherjarreglu og fyrir líkamlegt ofbeldi og meiðingar í eins árs betrunarhússvinnu, sem og til að borga í skaðabætur til Nikulásar Árnasonar í Lambhúsum fyrir meiðsl og líkamslýti, atvinnumissi og lækningakostnað 50 kr., og ennfremur allan kostnað af málinu, þar á meðal til svaramanns síns í hjeraði, Jóns assistents Gunnarssonar, 4 kr., en þessum dómi er eptir ósk hins ákærða áfrýjað til yfir dómsins.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að 20. septbr. þ. á., þegar hreppstjórinn í Akraneshreppi eptir skipun sýslumanns hafði tekið upp girðingu, sem hinn ákærði hafði sett þvert yfir alfaraveg, er liggur fram með húsi hans, og síðan með verkamönnum sínum og nokkrum fleiri mönnum gekk þaðan burtu, þá skaut hinn ákærði 2 byssuskotum út um loptsglugga á geymsluhúsi sínu á eptir hreppstjóranum og mönnum hans. Af skotum þessum særðist hreppstjórinn og annar maður til, Nikulás Árnason að nafni, er af hendingu var kominn í lóp þann, sem fylgdist með hreppstjóranum,

án þess að það þó hefði neinar skaðlegar afleiðingar fyrir heilsu þeirra framvegis; hreppstjórinn særðist þannig, að hagl kom í hálsinn á honum fyrir aptan og neðan hægra eyrað svo að blæddi úr, en haglið hefur náðst burtu, og Nikulás þannig, að 3 högl komu í hægri fót hans, lærið, kálfann og hælinn, og var hann fyrst haltur á fætinum, en er nú, eptir að höglin eru burtu, alheill, og sjást einasta ör eptir, þar sem höglin hittu.

Hinn ákærði, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og sem ekki hefur áður verið dæmdur fyrir neitt afbrot, hefur stöðugt neitað því, að það hafi verið tilgangur sinn að að gjöra hreppstjóranum, eða mönnum þeim, sem með honum voru, neinn skaða á lífi eða limum með skotum þeim, sem hann hleypti af á eptir þeim; heldur hann því fram, að hann aðeins hafi látið laust púður í byssuna og aðeins ætlað sjer að aðvara hreppstjóranum með því að skjóta því á eptir honum og jafnvel straffa hann fyrir upptekt girðingarinnar, en sjerstaklega hafi það verið ætlun sín að fá hreppstjóranum til að snúa aptur til að skrifa undir skjál, er hinn ákærði hafði samið út af því, að girðingin var tekinn upp. Um högl þau, sem hittu hreppstjóranum og Nikulás, hefur hinn ákærði skýrt svo frá, að þau hljóti að hafa verið innan um púðrið, sem hann ljet í byssuna, án þess hann þó vissi af því og á móti vilja hans. Sá framburður hins ákærða, að ekki hafi verið annað en laust púður í byssu hans, sem er framhleðslubysa tvíhleypt, þegar hann hleypti af henni á eptir hreppstjóranum, og að högl þau, sem hittu hann og hinn manninn, hafi verið laus innan um púðrið, verður að

álítast hrakinn af skýrslum þeim, sem fram eru komar í málinu, og verður það að álítast sannað, að fullt skot, púður og högl og tvö forhlöð, hafi verið í hvoru hlaupi byssunnar þegar hinn ákærði skaut úr henni á eptir hreppstjóranum, en hins vegar virðist ekki vera framkomin full sönnun fyrir því gegn neitun hins ákærða, að hann hafi munað eptir, að byssan var hlaðin, nje að hann hafi skotið á eptir hreppstjóranum og förunautum hans með þeim huga að gjöra þeim lífs eða heilsutjón.

Eins og að framan er á vikið, hefur hinn ákærði kannast við, að það hafi verið út af embættisverki því, sem hreppstjórinn í Akraneshreppi hafði þá ný aflokið, sem hann skaut á eptir honum, og er því þetta otbeldisverk hins ákærða rjett heimfært af hjeradsdómaranum undir 101. gr. sbr. 99. gr. og undir 205. gr. hegningarlaganna, og virðist hegningin, að yfirveguðum öllum málavöxtum og með sjerstöku til-liti til þess, að hinn ákærði hefur setið æði lengi í varðhaldi, hæfilega metin 9 mánaða betrunarhússvinna. Að því er snertir skaðabætur og málskostnað ber að staðfesta hjeraðsdóminn, og ber hinum ákærða einnig að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, sem ákveðast 12 kr. handa hvorum þeirra.

Meðferð málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins á óraskaður að standa, þó þannig, að hin ídæmda hegning færist niður í

9 mánaða betrunarhússvinnu. Hinn ákærði, Þorsteinn Guðmundsen, greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Franz Siemens og Páls Melsteðs, 12 kr. til hvors.

Ídæmdar skaðabætur ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

---

## Hæstarjettardómar

á hæstarjettarárinu 1884—1885.

---

Fimmtudaginn 19. júnímán.

Nr. 10. Th. Torsteinsson bakari  
 gegn  
 gullsmið S. Sumarliðasyni  
 um gildi fasteignarsölu.

Gestarjettardómur Ísafjarðarsýslu 23. júlí 1875:  
 Hinn stefndi, Sumarliði gullsmiður Sumarliðason í  
 Æðey, á að afsala sækjandanum, Th. Thorsteinsson